

**47. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 11. júní 2025, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Svæðisskipulag Vestfjarða, afgreiðsla á tillögu á lýsingu - 2404000

Hrafnkell Á Proppé frá Urbana skipulagsráðgjöf mætir til fundar og kynnir Svæðisskipulag Vestfjarða.

Hrafnkell Proppé frá Urbana og Aðalsteinn Óskarsson frá Vestfjarðarstofu mættu til fundar á Teams og kynntu vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða.

Samþykkt

2. Landeignamál við Aðalgötu - 2306009

Lögð fram fyrirspurn frá Vegagerðinni vegna landeigna við Aðalstræti í Súðavík vegna framkvæmda.

Byggingarfulltrúa falið að svara erindinu.

Samþykkt

3. Strengleið, Skutulsfjörður - Álftafjörður - 2506003

Lagður fram tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur, fyrir hönd Eflu, dags. 30. maí 2025 er varðar eignarlönd frá Skutulsfirði yfir á Álftafjörð.

Orkubú Vestfjarða ætlar að leggja rafstreng frá Skutulsfirði til Álftafjarðar og því þarf framkvæmdaaðilinn að vita um alla landeigendur á því svæði sem stengurinn fer um.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að lagnaleiðin verði nýtt sem göngustígur enda í samræmi við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps. Byggingarfulltrúa falið að koma tillögu að lagnaleið til OV til samræmis við það sem rætt var á fundinum.

Nefndin bendir á að nauðsynlegt er að leggja nýja vatnslögn frá inntaki vatnsveitunnar niður að Langeyri og gætu framkvæmdirnar fallið saman.

Nefndin bendir jafnframt á að æskilegt væri að afvatna svæðið ofan við Holtagötu.

Samþykkt

4. Skipulag skógræktar - 2506004

Lagt fram bréf frá Vinum íslenskrar náttúru dags. 4. júní 2025 þar sem bent er á að stórfelld skógrækt getur gerbreytt ásýnd lands og vistkerfum.

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
11.06.2025

Skipulag-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd tekur undir bókun atvinnu- og landbúnaðarnefndar dags. 10. júní 2025. Í bókuninni er bent á að taka verði tillit til vistkerfa við úthlutun leyfa og afgreiðslu og mótn skipulags.

Samþykkt

5. Bryggja í Vigur - 2411002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Gísla Jónssyni dags. 3. júní 2025 er varðar staðsetningu á flotbryggju í Vigur.

Skipulag-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að flotbryggjan verði staðsett til samræmis við sérfræðiráðgjöf Köfunarþjónustunnar.

Samþykkt


6. Langeyri stofnun lóða - 2406005

Tekið fyrir erindi sveitarstjóra Súðavíkurhrepps er varðar lóð fyrir Orkubú Vestfjarða sem skilgreind er á lóð 2b á skipulagsuppdrætti.


Skipulag-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að lóð 2b verði færi til innan skipulagssvæðis.

Samþykkt


Fundi slitið kl. 19:00.



Anna Lind Ragnarsdóttir



Valgeir Scott



Bragi Þór Thoroddsen



Sigurdís Samúelsdóttir



Jóhann Birkir Helgason